

Afritunarreglur Þjóðskjalasafns Íslands

Hægt er að fá afrit af flestum skjölum, en það er þó háð ástandi skjalanna og reglum um aðgang.

Afritun með eigin myndavél.

Gestum er heimilt að afrita gögn með myndavél, ekki skanna. Í meginatriðum má mynda öll skjöl sem eru án aðgangstakmarkana og gildir það um flest skjöl sem eru eldri en 80 ára. Sumir skjalaflokkar munu verða undanskildir í forvarnar- og verndunarskyni.

1. Gæta skal fyllstu varúðar við myndatökuna og gæta þess að skemma ekki skjöl eða skjalabækur með þvingunum eða öðrum hætti. Þannig skal ekki reyna að slétta blaðrönd sem er trosnuð (rifin og slitin) eða beygluð. Hafa skal samband við salvörð í slíkum tilvikum.
2. Ekki má nota leifturljós við myndatökuna.
3. Ekki er heimilt að mynda skinnskjöl.
4. Bera skal undir salvörð hvort heimilt sé að mynda skjöl sem eru yngri en 80 ára.
5. Ekki má mynda skjöl sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar.
6. Ekki má mynda skjöl sem eru varin af höfundarréttarákvæðum svo sem ljósmyndir með höfundarnafni.
7. Nota skal borð sem sérstaklega er til þess ætlað (með ljósi og púða).

Pantanir

Afrit á pappír

Salvörður afgreiðir ljósritunarbeiðnir, sem ná allt að 10 síðum. Fari beiðni fram yfir þau mörk, eða ef ljósritun er óheimil (sjá næstu grein), er afgreiðslufrestur að jafnaði þrjú dagar. Stórar pantanir taka lengri tíma. Hægt er að fá afrit á pappír í stærðunum A4 og A3.

Ljósritun er óheimil, ef:

1. Skjöl eru eldri en frá 1900.
2. Pappír er stökkur og brothættur.
3. Pappír er rifinn, trosnaður eða fúinn.
4. Skjöl eru með daufu bleki.
5. Skjöl eru stór og ná út fyrir gler á ljósritunarsvæði.
6. Skjöl eru með lakk- eða vaxinnsiglium.
7. Skjalabækur eru ekki ljósritaðar.

Í ofangreindum tilvikum þarf að panta stafræn afrit (sem hægt er að fá útprentuð) eða taka ljósmyndir með eigin myndavél. Sjá reglur um það.

Stafræn afrit

Hægt er að panta stafræn afrit af skjölum í mismunandi gæðum uppi allt að 600 pixlum á tommu.

Skilmálar um notkun afrita af gögnum í Þjóðskjalasafni

Almennt gildir að afrit eru til einkanota og því óheimilt að afhenda þau öðrum eða gera af þeim afrit handa öðrum. Gildir það bæði um pappír safrit og stafræn afrit. Þjóðskjalasafn gerir kröfu um að þeir, sem nota gögn sem safnið varðveitir, vísi til safnsins sem vörsluaðila frumgagnanna.

6. apríl 2010.